



Tíu ára bið á enda

Leikmenn Vals syngja og tralla eftir að hafa sigrað Fjölni 4-1 á Hlíðarenda í gærkvöldi. Það var ærin ástæða til að fagna en með sigrinum tryggðu Valsarar sér Íslandsmeistaratilinn, þann 21. í röðinni, í fyrsta sinn í áratug. Þegar tvær umferðir eru eftir af Íslandsmótinu getur ekkert lið náð Val að stigum og titillinn því þeirra. - sjá síðu 12 FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÖR

Kirkjan svarar ekki um kynferðisbrot

Fréttablaðið óskaði eftir nánari upplýsingum um 27 mál sem komið hafa inn á borð fagræðs kirkjunnar um meðferð kynferðisbrota síðastliðinn áratug. Börn eru þolendur í að minnsta kosti fjórum málanna. Fagræðið ber fyrir sig trúnaði og persónuvernd.

KYNFERÐISBROT „Það er skýr stefna kirkjunnar að þolendur kynferðisbrota fái sérstaka umhyggju og stuðning,“ segir Elína Hrund Kristjánsdóttir, formaður fagræðs kirkjunnar um meðferð kynferðisbrota. Fagræðið neitar að

svara Fréttablaðinu efnislega um þau 27 mál sem komið hafa á borð ráðsins síðustu tíu ár og varða kynferðislegt ofbeldi innan kirkjunnar. Fagræðið ber fyrir sig að verið sé að verja trúnað og persónu brotþola.

Að minnsta kosti fjórir þolendur í þessum málum eru börn en tíu þessara 27 mála lauk með því sem kallað var sátt.

Fréttablaðið greindi frá því fyrr í þessum mánuði að þessi fjöldi mála hefði komið inn á borð ráðs-

ins síðasta áratuginn, misalvarleg eftir eðli brota þeirra.

Í kjölfarið óskaði Fréttablaðið eftir nánari upplýsingum um eðli þessara 27 brota, úr hvaða sóknnum þau væru, hversu margir þolendur væru í málunum og hversu margir

þeirra börn svo fátt eitt sé nefnt. Aðspurð um merkingu þess að málum ljúki með sátt segir Elína Hrund að í því felist að sá sem leiti til fagræðsins lýsi sig sáttan við þá málsmeðferð og úrlausn sem veitt var. - sa / sjá síðu 4

Bjarni á fund forseta í dag

STJÓRNMÁL Bjarni Benediktsson forsætisráðherra gengur á fund forseta Íslands í dag og afhendir honum þingrofsbeiðni. Að því gefnu að fallist verði á beiðnina er líklegt að boðað verði til kosninga 28. október næstkomandi. Fréttablaðið ræddi í gær bæði við þingmenn og fólk úr starfi Sjálfstæðisflokksins sem grunar að valdabaráttu innan Sjálfstæðisflokksins gæti hafa haft áhrif á dagsetningu kosninga. - jõe / sjá síðu 8.

Bjarni Benediktsson

Fréttablaðið í dag


SKOÐUN Prófessorinn Torfi Tulinius skrifar um fjársveldi háskólastigsins á Íslandi. **10**

SPORT Gylfi Þór Sigurðsson hefur enn ekki verið í sigurlíði sem leikmaður Everton sem steinlá í gær. **14-15**

LÍFÍÐ Lára Rúnarsdóttir kennir unglungum að takast á við kvíða með jóga. **22**

PLÚS 2 SÉR- BLÖÐ • FÓLK • FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlaskönnun Gallup apríl-júní 2015



VERTU LAUS VIÐ LIÐVERKI

NUTRILENK GOLD

www.artasan.is

St. Petersburg Festival Ballet ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands

Þyrnirós

HARPA


Eldborg
23. nóv. kl. 19:30
24. nóv. kl. 19:30
25. nóv. kl. 13 & 17

Börn 12 ára og yngri fá 50% afslátt.
 Miðasala í síma 528 5050 og á harpa.is.

harpa.is/thyrniros #harpa

ICELANDAIR Arion banki CENTER HOTELS

Veður



Suðaustan 5-10, rigning með köflum og hiti 10 til 13 stig. Þurrt að kalla NA-lands með hita að 18 stigum.

SJÁ SIÐU 18

Telur brýnt að afgreiða mál stelpnanna

ALÞINGI „Ég mun leggja höfuð-áherslu að ríkisborgaréttur stelpnanna verði afgreiddur,“ segir Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingarinnar.

Þingrofsbeiðni verður lögð fram í dag. Formenn þingflokka munu funda með forseta Alþingis í dag til að ná samkomulagi um hvaða mál munu komast í gegn á snörpu þingi áður en kosið verður á ný.

Meðal mála sem liggja fyrir er frumvarp um veitingu ríkisborgaréttar til tveggja flóttafjölskyldna.

„Það liggur ekki fyrir hve langan tíma afgreiðsla útlendingalaga tekur,“ segir Logi. „Núverandi túlkun byggir á túlkun stjórnvalda á lögnum. Það er mikilvægt að Alþingi sendi stjórnvöldum skýr skilaboð um hvernig ber að túlka löginn þar til þeim hefur verið breytt frekar.“ –jóe

Flaggað í hálf stöng



Hópur andstæðinga stóriðju í Helgubekki kom saman við verksmiðju United Silicon til að krefjast þess að henni verði lokað. Tveir úr hópnum drógu fana United Silicon niður í hálf stöng. Óvist er með framtíð verksmiðjunnar en Umhverfisstofnun hefur stöðvað starfsemi hennar. Þá hefur stjórn fyrirtækisins kært Magnús Garðarsson, fyrrverandi forstjóra United Silicon, fyrir stórfelld auðgunarbrot. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Byggingarleyfi á ný fellt úr gildi á Vegamótastíg

REYKJAVÍK Úrskurðarnefnd um umhverfis- og auðlindamál hefur fellt úr gildi byggingarleyfi fyrir hótél á lóðunum Vegamótastíg 7 og 9.

Þetta er í annað skipti á þessu ári sem nefndin fellir byggingarleyfi hótelsins úr gildi.

Í lok mars komst nefndin að þeirri niðurstöðu að fjöldi hæða í byggingunum á lóðunum og notkun kjallarárymis færi gegn gildandi deiliskipulagi. Nýtt byggingarleyfi var samþykkt í maí.

Kærendur telja að nýtingarhlutfall hinna nýju bygginga sé of mikið og þá telja þeir líkur á að mikið ónæði verði af veitingastað sem fyrirhugaður er á hótelinu.

Í ákvörðun úrskurðarnefndarinnar nú var komist að þeirri niðurstöðu, aftur, að fjöldi fyrirhugaðra bílastæða fyrir hreyfihamlaða væri



Hús sem áður stóð á Vegamótastíg 9 var flutt í burtu fyrir á þessu ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ekki í samræmi við þann lágmarksfjölda sem gerð er krafa um í byggingarreglugerð.

Þá var talið að bilakjallari hússins, sem er á tveimur hæðum, bætti auka hæð við húsið. Leyfi hafði verið gefið út fyrir fimm hæða hótél en neðri bilakjallarinn bætti í raun við sjöttu hæðinni. Það var talið óheimilt og því var ákvörðun byggingarfulltrúans felld úr gildi. –jóe

HÍ kaupir jeppa fyrir Jarðskjálftamiðstöð

Háskóli Íslands keypti á dögunum nýjan Kia Sportage jeppa á 5,3 milljónir króna fyrir Jarðskjálftamiðstöð HÍ á Selfossi. Þurfti að vera fjór hjóladrífinn. Rektor HÍ þiggur ekki bifreið frá Happpdrætti HÍ sem löng hefð hefur verið fyrir.

SKÓLAMÁL Háskóli Íslands hefur keypt nýjan Kia Sportage jeppa fyrir Jarðskjálftamiðstöð Háskóla Íslands á Selfossi. Kaupverðið nemur rúmum 5,3 milljónum króna samkvæmt upplýsingum frá rektor HÍ, Jóni Atla Benediktssyni.

Háskólinn er með þessu að endurnýja átta ára gamlan Hyundai Tucson-jeppa sem Jarðskjálftamiðstöðin hefur haft til afnota frá árinu 2011. Ríkiskaup reyna nú að selja gamla bílinn á uppboðsvef Króks en hann er ekinn 183 þúsund kílómetra og sagður í góðu lagi utan þess að rúðupurrkur að aftan virka ekki. Samkvæmt sölulýsingu þarf að gæta þess að taka dísilolíu áður en olíumælir fer of neðarlega þar sem hann sýni alltaf örllítið meira en raunverulega er í tankinum.

Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins um bifreiðakaupin segir Jón Atli Benediktsson, rektor HÍ, að viðgerðarkostnaður við gömlu bifreiðina hafi verið orðinn mikill og því nauðsynlegt að fá nýja.

Jarðskjálftamiðstöð HÍ fær bifreið til að sinna jarðskjálftamælingum og eftirliti með mælingum. Segir rektor að mælar séu meðal annars í öllum virkjunum og stíflum Landsvirkjunar og á Norðurlandi.

„Þar sem eftirlit jarðskjálftamælinga er að stórum hluta í virkjunum á hálendinu þá er nauðsynlegt að kaupa 4x4 bifreið,“ segir Jón Atli í svarinu og bendir á að óskað hafi verið eftir sambærilegri bifreið hjá Ríkiskaupum sem farið hefði í örútbod. Út úr því kom að keyptur var 2017 árgerð af Kia Sportage-jeppa þann 30. ágúst síðastliðinn.



Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Happpdrætti Háskóla Íslands hefur í gegnum tíðina séð rektorum Háskóla Íslands fyrir bifreið en fram kom í svari við fyrirspurn á þingi árið 2015 að svo virtist sem sá samningur byggðist á langri hefð. Aðspurður hvort þetta fyrirkomulag væri enn við lýði segir Jón Atli að hann hafi ekki verið með slíkan bíl síðan hann tók við árið 2015.

mikael@frettabladid.is



Kia Sportage.

Láttu mæla í þér sjónina



MJÓDDIN FJÖRÐUR
S: 587 2123 S: 555 4789

augastaður
Gleraugnaverslunin þín




TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

SUMRI HALLAR, HAUSTA FER SMURIÐ KALLAR Í SEPTEMBER

Sértilboð á smurbjónustu 14.-30. september hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota



20% afsláttur

Sértilboð á olíum, síum, þurrkublöðum, bílaperum, rúðuvökva, frostlegi og fleiru.*

15% afsláttur

af vinnu við smurningu hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.

Engin vandamál - bara lausnir.

Toyota Kaupþúni	Kaupþúni 6	Garðabæ	570-5070
Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	Akureyri	460-4300
Toyota Selfossi	Fossnesi 14	Selfossi	480-8000
Toyota Reykjanesbæ	Njarðarbraut 19	Reykjanesbæ	420-6610
Arctic Trucks	Kletthálsi 3	Reykjavík	540-4900
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Bæjarflöt 13	Reykjavík	440-8000
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Skemmuvegi 16	Kópavogi	440-8000
Nethamar	Garðavegi 15	Vestmannaeyjum	481-1216
Bílatangi	Suðurgötu 9	Ísafirði	456-4580
Bifreiðaverkstæði KS	Hesteyri 2	Sauðárkróki	455-4570
Bílaleiga Húsavíkur	Garðarsbraut 66	Húsavík	464-1888
Bílaverkstæði Austurlands	Miðási 2	Egilsstöðum	470-5070
Bílageirinn	Grófinni 14a	Reykjanesbæ	421-6901



*Olíur, olíusíur, loftsíur, frjókornasíur, bensín- og hráolíusíur, þurrkublöð, þurrkugúmmí, bílaperur, rúðuvökvi og frostlögur (afsláttur gildir eingöngu með vinnusölu).

Fyrirverandi lögreglumaður hlaut uppreist æru eftir kynferðisbrot

DÓMSMÁL Fyrirverandi lögreglumaður sem dæmdur var í 18 mánaða fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn þremur ungum stúlkum árið 2003 fékk uppreist æru í apríl 2010. Maðurinn, sem aldrei var nafngreindur hvorki í dómi héraðsdóms né Hæstaréttar, lagði fram vottorð sjö valinkunnra manna með umsókn sinni í júlí 2009. Flestir virðast hafa starfað með manninum innan lögreglunnar

í gegnum tíðina. Tveir háttsettir lögreglumenn virðast þó vera að gefa manninum meðmæli vegna starfs-umsóknar árið 2002, sjö árum áður en hann sótti um uppreist æru.

Þetta kemur fram í gögnum sem dómsmálaráðuneytið hefur veitt fjölmiðlum sem óskuðu eftir aðgangi að í málum allra þeirra sem fengið hafa uppreist æru frá árinu 1995.

Maðurinn var dæmdur fyrir kynferðisbrot gegn þremur stúlkum, þar af tveimur margsinnis, þegar þær voru á aldrinum 11-16 ára. Sú þriðja var 12 ára. Hann neitaði ávallt sök en framburður stúlkanna var talinn trúverðugur og hann dæmdur í 18 mánaða óskilorðsbundið fangelsi í Hæstarétti 20. nóvember 2003.

Af þessum sjö valinkunnu mönnum á meðmælum sem maðurinn

skilaði inn er meirihlutinn lögreglumenn. Tveir þeirra, Friðrik Björgvinsson, þáverandi yfirlögregluþjónn, og Grétar Sæmundsson aðstoðaryfirlögregluþjónn, höfðu skrifað meðmæli sín í öðrum tilgangi enda bréf þeirra dagsett árið 2002, ári áður en maðurinn hafði hlotið dóminn. Þrjú bréfanna sjö eru dagsett 2009 og virðast hafa verið skrifuð vegna umsóknarinnar. – smj



Frá St. Martin NORDICPHOTOS/AFP

Búa sig undir annan fellibyl

MID-AMERÍKA Hitabeltisstormurinn María mun líklega ná fellibylsstyrk í dag. Stormurinn mun fara yfir svæði sem urðu illa úti í fellibyljum Irma en sá fór yfir svæðið fyrir tæpum tveimur vikum.

Veðurstofa Bandaríkjanna varaði stjórnvöld á Bresku Jómfrúaeypjunum og Púertó Ríkó við Maríu. Talið er að stormurinn muni ná landi þar á morgun. Fellibylsviðvaranir hafa einnig verið gefnar út á frönsku eyjunni Guadeloupe og á Dóminíku. Þá er talið líklegt að Antígúa og Barbúda, St. Kitts og Nevis, St. Bart og St. Martin verði fyrir bardönu á veðrinu.

Íbúar flestra þessara eyja eru enn í sárum eftir að Irma fór yfir eyjarnar. Minnst 84 fórust í því óveðri. – jõe

Hóta Katalónum fangelsisvist

SPÁNN Mögulegt er að skipuleggjendur þjóðaratkvæðagreiðslu um sjálfstæði Katalóníu verði hnepptir í fangelsi fyrir þátttöku sína í kosningunum. Þetta kom fram í viðtali blaðsins El Mundo við æðsta saksóknara landsins.

Fyrirhugað er að Katalónar kjósi um það 1. október næstkomandi hvort þeir telji að héraðið Katalónía eigi að verða sjálfstætt ríki og slíta sig frá Spáni. Spænsk stjórnvöld hafa reynt hvað þau geta til að koma í veg fyrir að kosningin fari fram en kosningin var dæmd andstæð stjórnarskrá af stjórnlagadómstóli Spánar í upphafi mánaðarins. – jõe

Kirkjan neitar að upplýsa um kynferðisbrot starfsmanna

Fagrað kirkjunnar um meðferð kynferðisbrota neitar að svara Fréttablaðinu efnislega um þau 27 mál sem komið hafa á borð ráðsins síðustu tíu ár. Ber fyrir sig að verið sé að verja trúnað og persónuvernd brotaþola. Að minnsta kosti fjórir þolendur í þessum málum kirkjunnar eru börn. Tíu málum lauk með sátt.

KYNFERÐISBROT Þjóðkirkjan neitar að svara fyrirspurn Fréttablaðsins um edli þeirra 27 mála á síðustu tíu árum sem komið hafa til kasta fagnefndar kirkjunnar um kynferðislegt ofbeldi innan kirkjunnar. Að minnsta kosti fjögur börn eru samkvæmt heimildum Fréttablaðsins brotaþolar í þessum málum. Fagnefndin á samkvæmt reglum aðeins að taka á móti málum þar sem starfsmenn kirkjunnar eru gerendur kynferðisofbeldis.

Í Fréttablaðinu þann 11. september síðastliðnum er greint frá því að 27 mál hafi komið til kasta nefndarinnar á síðustu tíu árum, misalvarleg eftir edli brota þeirra. Fréttablaðið óskaði eftir ítarlegum upplýsingum um þessi 27 mál. „Um tíu þessara mála var lokið í sátt,“ sögðu forráðamenn þjóðkirkjunnar.

Óskað var eftir nánari upplýsingum um edli þessara 27 brota, úr hvaða sóknunum þær væru, hversu margir þolendur væru í málunum og hversu margir þolendur væru börn. Hvaða stöðu innan kirkjunnar meintir gerendur hefðu og hvort þeir störfuðu náið með börnum innan kirkjunnar.

„Það er skýr stefna kirkjunnar að þolendur kynferðisbrota fái sérstaka umhyggju og stuðning,“ segir Elína Hrund Kristjánsdóttir, formaður fagrads um meðferð kynferðisbrota. „Tilgangur ráðsins er einkum að veita brotaþolum sálsgæslu og stuðning. Það er kirkjunni mikilvægt að þau sem til ráðsins leita upplifi öryggi og njóti persónuverndar. Trúnaður um einstök mál og þá einstaklinga sem í hlut



Frá prestastefnu á Húsavík. FRÉTTABLAÐIÐ/



Elína Hrund Kristjánsdóttir, formaður fagrads um meðferð kynferðisbrota.

eiga verður að vera hafinn yfir allan vafa.“

Vitað er að að minnsta kosti fjórir þolendur í þessum málum kirkjunnar á síðustu tíu árum eru börn. Einnig hafa á þessu tímabili mál borist í fjölmiðla eins og mál Gunn-

4

þolendur að minnsta kosti eru börn

ars Björnssonar, fyrirverandi sóknarprests á Selfossi sem kærður var fyrir kynferðisofbeldi gegn tveimur börnum í söfnuði hans.

„Fyrirspurn blaðamanns laut einnig að merkingu þess að ljúka málum með sátt. Í því felst að sá

27

mál hafa komið inn á borð fagradsins síðastliðin tíu ár

sem leitar til fagradsins, lýsir sig sáttan við þá málsmeðferð og úrlausn, ef við á, sem veitt var,“ segir Elína Hrund enn fremur í skriflegu svari til Fréttablaðsins um málið.

sveinn@frettabladid.is

SLÁANDI SEPTEMBER AFSLÁTTUR

CHEROKEE

Með 500.000 kr afslætti.

DÆMI: Longitude 6.690.000 kr.

MEÐ AFSLÆTTI: 6.190.000 kr.



- 500.000 kr.

Allir sem kaupa eða panta nýjan Jeep hjá Ís-Band í september, geta fengið sláandi afslátt.

*Tilboðið gildir til 30. september 2017

ÍSABAND
ISLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD

Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Pverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16



7 ára ábyrgð á öllum
nýjum Kia bílum

www.kia.com

Leikum okkur á heimavelli



SPORTAGE



Við stöndum með stelpunum okkar

The Power to Surprise



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.



Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

Ákærð fyrir ítrekaðar stórhættulegar líkamsárásir

DÓMSMÁL Kona á þrítugsaldri hefur verið ákærð fyrir nokkrar afar hættulegar líkamsárásir á síðustu misserum á Akureyri. Verði hún fundin sek af þeim ákærum gæti hún átt yfir höfuð sér langa fangelsisvist.

Um jólahátíðina síðustu skar konan kynsystur sína í andlit með eggvopni þannig að fórnarlambið hlaut tvö skurðsár, annað yfir vinstra kinnbein og hitt yfir höku

vinstra megin. Er þetta af ákæruvaldinu talin sérstaklega hættuleg líkamsárás sem getur leitt til dauða.

Gerir fórnarlambið í málinu einkaréttarkröfu upp á fimm milljónir króna vegna þess skaða og miska sem hún hefur orðið fyrir.

Einnig er konunni gert að sök að hafa, á skemmtistað í miðbæ Akureyrar, ráðist að annarri konu, rífið hana niður í gólfíð og sest ofan á hana. Eftir þann atgang hafi hin

ákærða sparkað að minnsta kosti sex sinnum í höfuð og brjóstakassa konunnar þegar hún var að standa upp.

Þriðja alvarlega líkamsárásin sem konan er ákærð fyrir varðar einnig sérstaklega hættulega líkamsárás og hótanir með því að hafa slegið til karlmanns með sprautunál.

Stakkt nálin á kaf í vinstra handarbak fórnarlambins þegar það



Lögreglustöðin á Akureyri FRÉTTABLAÐID/PJETUR

bar hönd fyrir höfuð sér til að verja sig. Síðan á konan að hafa hlaupið á eftir manningum með sprautuna á lofti og hótad á sama tíma að drepa hann. Ákærða var á þessum tíma smituð af lifrabólgu C.

Krefst fórnarlambið í því máli rúmlega tveggja milljóna króna í skaðabætur en maðurinn þarf að fara reglulega í blóðprufur vegna árásarinnar með sýktri sprautunál. –sa

Óvissa um úrsögn úr Parísardíl

BANDARÍKIN Fullkomin óvissa virðist vera um aðild Bandaríkjanna að Parísarsamkomulaginu um loftslagsmál. H. R. McMaster, þjóðaröryggisráðgjafi Donalds Trump Bandaríkjaforseta, sagði það ekki standa til að snúa við þeirri ákvörðun forsetans að draga landið út úr Parísarsamkomulaginu.

Bandaríska blaðið Wall Street Journal greindi frá því á laugardaginn að stjórn Trumps hefði ákveðið að hætta við að hætta, en þjóðaröryggisráðgjafinn sagði það af og frá. „Það er fólkskrétt. Forsetinn ákvað að draga sig úr Parísarsamkomulaginu vegna þess að það er slæmur samningur fyrir bandarísku þjóðina“, sagði McMaster.

Forsetinn ákvað að draga sig úr Parísarsamkomulaginu vegna þess að það er slæmur samningur fyrir bandarísku þjóðina.

H. R. McMaster

Rex Tillerson, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sagði í gær að Bandaríkstjórn væri að skoða leiðir til að vinna með öðrum að nýjum skilyrðum í baráttunni við loftslagsbreytingar. Skilyrði sem ættu að taka tillit til hagkerfis Bandaríkjanna og efnahagslegra hagsmuna.

Engin ákvæði eða tæki eru til staðar til að neyða ríkin 195 sem undirrituðu samkomulagið til að setja sér tiltekin markmið. Bandarísk stjórnvöld hafa þannig sjálf-dæmi um að ákveða ný markmið. –khn

Donald Trump Bandaríkjaforseti.



Hjalti heldur ærunni þrátt fyrir meint meðmælasvik á umsókn

Tveir þeirra sem skráðir voru meðmælendur í umsókn Hjalta Sigurjóns Haukssonar um uppreist æru töldu sig vera að veita honum meðmæli á atvinnuumsókn. Lagaprófessor segir að ákvörðunin um að veita Hjalta uppreist æru standi en að bréfitarar geti kært málið til lögreglu, telji þeir að fólson hafi átt sér stað.

STJÓRNSÝSLA Ákvörðun um að veita Hjalta Sigurjóni Haukssyni uppreist æru stendur þrátt fyrir að svo virðist sem tvær af þremur umsögnum með umsókn hans hafi ekki verið skrifaðar í þeim tilgangi. Skila þarf inn tveimur vottorðum um góða hegðun frá valinkunnum einstaklingum, t.d. vinnuveitanda, þegar sótt er um uppreist æru til dómsmálaráðuneytisins. Lagaprófessor segir að þeir sem telji að bréf sín hafi verið misnotuð í þessum tilgangi gætu leitað til lögreglu.

Haraldur Þór Teitsson, framkvæmdastjóri hóperðabílafyrirtækisins Teits Jónassonar ehf., sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem hann fullyrðir að hann hafi ekki skrifað meðmælabréf til handa Hjalta Sigurjóni vegna umsóknar hans um uppreist æru heldur hafi verið um að ræða meðmæli í vinnu þar sem hann væri að staðfesta að Hjalti hefði starfað hjá fyrirtækinu og hann gæti mælt með bílstjóra.

„Það að þessi bréf voru notuð sem meðmæli um uppreist æru Hjalta var án minnar vitundar og samþykkis. Undirrituðum var aldrei tjáð að þessi bréf yrðu notuð í þeim tilgangi enda hefðu þau aldrei verið veitt sem slík,“ sagði Haraldur Þór í yfirlýsingunni og gagnrýndi forkastanleg vinnubrögð ráðuneytisins að koma með þessum hætti „aftan að grandalausú fólki“.

Áður hafði Sveinn Matthíasson, yfirmaður Hjalta hjá Kynnisferðum, sagt að í bréfinu sem hann hafi skrifað undir fyrir Hjalta hafi verið að finna texta sem hann neitar að hafa skrifað undir. Hann hafi aðeins skrifað undir bréf þar sem hann



Hjalti Sigurjón Hauksson fékk fimm og hálf árs fangelsisdóm fyrir gróf kynferðisbrot gegn stjúp dóttur sinni.

staðfesti hæfni Hjalta í starfi sem bílstjóra. Þriðji umsagnaraðilinn var svo Benedikt Sveinsson, eigandi Kynnisferða og faðir Bjarna Benediktssonar forsætisráðherra, sem sagði í sinni yfirlýsingu að hann hefði skrifað undir bréf sem Hjalti hefði fært honum útfyllt.

Ef marka má yfirlýsingar Haralds og Sveins þá virðist þeim ekki hafa

verið kunnugt um að bréfin sem þeir skrifuðu undir yrðu notuð í þeim tilgangi að aðstoða Hjalta, dæmdan barnaniðing, við að fá uppreist æru. Líklegt er þó að ákvörðunin um að veita Hjalta uppreist æru standi, nema bréfitarar taki til sinna ráða.

„Þessi ákvörðun stendur á meðan ekki er leitt í ljós að lögð hafi verið fram hugsanlega fólsoð gögn. Þá

þarf að veita og meta hvort beri að endurupptaka málið,“ segir Björg Thorarensen, prófessor við laga-deild Háskóla Íslands.

„Ef þessir menn segjast aldrei hafa skrifað undir það sem það var notað í eða hafi því verið breytt hlýtur að hvíla á þeim að kæra það til lögreglu ef um skjalafals er að ræða. Það er eitt úrræði.“ mikael@frettabladid.is



FJÁRÖFLUN FRAMUNDAN?

Í Rekstrarlandi fást flottir fjáröflunarpakkar, tilbúnir eða sérsníðnir eftir óskum. Úrval af hreinsivörum, pappírvörum, plastpokum og álpappír. Gæðavörur sem nýtast vel og gaman er að selja.



ATVINNULÍFIÐ

2018

HAUSTFUNDARÖÐ
SAMTAKA ATVINNULÍFSINS
UM ÍSLAND

Opnir fundir á eftirtöldum stöðum:

Vestmannaeyjar	Þriðjudaginn 19. september kl. 12.00-13.30
Akureyri	Miðvikudaginn 20. september kl. 8.30-10.00
Sauðárkrókur	Miðvikudaginn 20. september kl. 16.30-18.00
Neskaupstaður	Þriðjudaginn 3. október kl. 12.00-13.30
Höfn	Þriðjudaginn 10. október kl. 12.00-13.30
Stykkishólmur	Þriðjudaginn 17. október kl. 17.00-18.30
Reykjanesbær	Miðvikudaginn 18. október kl. 12.00-13.30
Reykjavík	Fimmtudaginn 19. október kl. 8.30-10.00
Ísafjörður	Þriðjudaginn 24. október kl. 12.00-13.30

Eyjólfur Árni Rafnsson, formaður SA, **Halldór Benjamín Þorbergsson**, framkvæmdastjóri SA og **Ásdís Kristjánsdóttir**, forstöðumaður efnahagssviðs SA rýna í stöðu og horfur á vinnumarkaði. Hagvöxtur er mikill, gengi krónunnar sterkt og verðbólga lág en það eru blikur á lofti.

Stjórnendur á hverjum stað ræða einnig stöðu mála á sínum heimavelli.

Allir velkomnir – boðið verður upp á kaffi og með því og krassandi umræður.

➔ Vinsamlegast skráið þátttöku á vef SA: www.sa.is





Gunnlaugur Ingvarsson, formaður Frelsisflokksins. VÍSIR/VILHELM

Flókin staða hjá minni flokkum

STJÓRN MÁL Stuttur fyrirvari fyrir kosningar þýðir að óvíst er hvort smærri framboð muni ná að bjóða fram eður ei. Fyrirhugaður kjördagur er 28. október næstkomandi. „Þetta kom alveg flatt upp á okkur líkt og flesta landsmenn,“ segir Gunnlaugur Ingvarsson, formaður Frelsisflokksins. Flokkurinn á rætur að rekja til Íslensku Þjóðfylkingarinnar og var stofnaður fyrir rétt rúmum mánuði. Fundað verður í vikunni um framhaldið.

„Ég á ekki von á því að við treystum okkur í framboð. Fyrirvarinn er einfaldlega of lítill. Það er ekki nema fyrir flokksmaskínur að taka þátt núna,“ segir Gunnlaugur. „Okkar undirbúningur hafði miðað að sveitarstjórnarkosningum. Okkur líður smá eins og körfuboltaliði sem mætir á staðinn og fær að vita að það eigi að keppa í fótbolta.“

En þó kóngur vilji sigla skal byr ráða. Þetta er þó mjög knappur tími.

Porvaldur Þorvaldsson, formaður Alþýðufylkingarinnar

Ragnar Sverrisson hjá Húmanístaflöknum, en flokkurinn bauð fram í einu kjördæmi í fyrra, segir að flokksmenn muni funda í vikunni. Hann telji þó minni líkur en meiri á að farið verði fram.

„Við tókum ákvörðun á þriðjudagskvöldið og við stefnum á öll kjördæmi,“ segir Þorvaldur Þorvaldsson, formaður Alþýðufylkingarinnar. „En þó kóngur vilji sigla skal byr ráða. Þetta er þó mjög knappur tími.“

„Við funduðum í dag og það verður farið fram,“ segir Pálmei Helga Gísladóttir, formaður Dögunar. Hún segir að ákall sé frá þjóðfélaginu að stjórnmalaflokkar starfi saman og því komi vel til greina að ihuga slíkt. – jõe

Örmagna eftir flóttann



Anowara Begum hélt utan um son sinn er hún féll í yfirlíð eftir bátsferð yfir Naf-ána til Bangladesh. Anowara, líkt og þúsundir aðrir sem tilheyra hópi Rohingya, flúði grimmilegar ofsóknir í Mjanmar. Talið er að um 300 þúsund Rohingya hafi flúið landið á síðustu vikum. Yfirvöld í Mjanmar hafa verið sökuð mannréttindabrot. Mannréttindasamtök óttast að Rohingya séu nú myrtir í stórum stíl í Mjanmar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Viðreisn verður í starfsstjórn

STJÓRN MÁL Viðreisn mun taka þátt í starfsstjórn fram að kjördegi. Þetta var samþykkt á fundi ráðgjafaráðs flokksins í gær.

Að loknum fundi ráðgjafaráðsins á föstudag var send út yfirlýsing þar sem sagði að einsýnt væri að forsætisráðherra og dómsmálaráðherra gætu ekki setið áfram fram að kosningunum. Þá samþykkti Benedikt Jóhannesson, formaður flokksins, að loknum fundi með forseta Íslands, að flokkurinn sæti áfram í starfsstjórninni. Væri það flokknum rétt og skylt að verða við tilmælum forseta.

„[Ítrekar ráðið] að nauðsynlegt sé að embættisfærsla ráðherra í málum sem leiddu til stjórnslitanna verði rannsökuð og að niðurstaða liggja fyrir áður en gengið verður til kosninga,“ segir í ályktun ráðgjafaráðsins. – jõe

Ekki heyrt í öllum til að ákveða kjördag

Flest bendir til þess að kosið verði til Alþingis 28. október næstkomandi. Upphaflega virtist samkomulag um að kosið yrði viku síðar. Þingrofið og kosningarnar hafa áhrif á valdabaráttu innan raða Sjálfstæðisflokksins.

STJÓRN MÁL Bjarni Benediktsson mun í dag skila þingrofsbeiðni til forseta Íslands. Að því gefnu að fallist verði á beiðnina verður að teljast líklegt að kosið verði 28. október næstkomandi. Í fyrstu stóð til að kjósa 4. nóvember en ekki liggur fyrir því þeirri dagsetningu var breytt.

Formenn flokkanna sjö sem sæti eiga á þingi fóru á fund forseta Íslands í fyrradag þar sem staðan í íslenskum stjórnmálum var rædd. Að fundi loknum virtust formenn flokka hafa talað sig á þá niðurstöðu að stefnt yrði að kosningum 4. nóvember. Í gær hringdi Bjarni Benediktsson forsætisráðherra í formenn flestra flokka á þingi, en ekki alla, og tjáði þeim að hann hygðist skila inn þingrofsbeiðni strax í dag.

Í stjórnarskrá Íslands segir að sé þing rofið skuli stofna til nýrra kosninga innan 45 daga frá því það sé gert. Verði þing rofið í dag kemur því ekki til greina að kjósa 4. nóvember. Síðasti laugardagurinn innan 45 daga tímabilsins er 28. október og því líklegur kjördagur. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins setti enginn þeirra formanna flokka á þingi sem heyrt var í sig upp á móti því að kosið yrði í október.

Framtíð Bjarna Benediktssonar sem formaður Sjálfstæðisflokksins ræðst alfarið af úrslitum kosninganna. Fari svo að flokkurinn tapi fylgi gæti það þýtt að Bjarni þurfi að segja sig frá formennsku. Fréttablaðið ræddi í gær bæði við þingmenn og fólk úr starfi Sjálfstæðisflokksins sem grunar að valdabaráttu innan Sjálfstæðisflokksins gæti hafa haft áhrif á dagsetningu kosninga. Hinn 3.-5. nóvember var fyrir-



Framtíð Bjarna Benediktssonar sem formaður Sjálfstæðisflokksins veltur mjög á gengi flokksins í kosningum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

hugaður landsfundur Sjálfstæðisflokksins en ólíklegt er að hann fari fram á þeim degi úr því sem komið er. Frá því að Ólöf Nordal féll frá hefur flokkurinn verið án kjörins varaformanns og stóð til að kjósa nýjan slíkan á þeim fundi.

„Ég hugsa að það verði boðað til flokksráðsfundar á næstunni þar sem nýr varaformaður verður kjörinn og landsfundur verði slegið á frest,“ segir einn þeirra Sjálfstæðismanna sem Fréttablaðið ræddi

við. „Flokksráðsfundir eru talsvert útreiknanlegri fyrir sitjandi formann heldur en landsfundir.“

Sæti varaformanns er því skyndilega orðið mun eftirsóttara en það var um miðja síðustu viku. Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, og Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra hafa bæði verið nefnd til sögunnar sem mögulegir varaformenn. johannoli@frettabladid.is



AÐALFUNDUR

Aðalfundur AFS á Íslandi verður haldinn kl. 14.00, laugardaginn 7. október í húsnæði samtakanna í Skipholti 50c.

- Fundarefni**
- Skýrsla stjórnar
 - Endurskoðaðir reikningar félagsins
 - Umræða um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins
 - Atkvæði um skýrslu stjórnar og endurskoðaða reikninga
 - Breytingar á samþykktum félagsins
 - Kjör formanns til eins árs
 - Stjórnarkjör
 - Kjör löggilts endurskoðanda og eins skoðunarmanns
 - Ákvörðun um félagsgjald
 - Önnur mál



VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA!

SINDRI

TILBOÐ

VERKFÆRASETT 106 HLUTA

1/4" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm
Lyklar 6 - 22 mm
Bitasett, sexkantbitar og fl.

vnr IBTGCAI106B

17.900 m/vsk

Fullt verð 25.194



TILBOÐ

TOPPLYKLASETT 94 HLUTA

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI094R

11.900 m/vsk

Fullt verð 17.092



TILBOÐ

TOPPLYKLASETT 28 HLUTA

1/2" 8 - 32 mm
Framlenging með LED ljósi
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI2802

7.900 m/vsk

Fullt verð 10.510



TILBOÐ

TOPPLYKLASETT 130 HLUTA

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
Lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI130B

18.900 m/vsk

Fullt verð 28.733



TILBOÐ

TOPP- OG SKRÚFBITASETT 1/4"

Lítið sett með mikla möguleika
1/4" Drive sexkant toppar
5,5, 6, 7, 8, 10, 11, 12, 13, 14mm

vnr IBTGADW4101

4.900 m/vsk

Fullt verð 6.195



TILBOÐ

FELGUTOPPAR SETT

1/2" 17, 19, 21mm

vnr IBTGDAI0301

2.290 m/vsk

Fullt verð 3.096



TILBOÐ

SKRÚFSTYKKI 6"

6" opnun
Snúningur 360°

vnr IBTDJAC0106

13.640 m/vsk

Fullt verð 22.006



SÁ VINSÆLI

283 verkfæri

163.464 m/vsk



www.sindri.is / sími 575 0000

Víðarhöfða 6 - Reykjavík | Skútuvogi 1 - Reykjavík | Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður

SINDRI

Ábyrgðarleysi



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Á meðan vantraust á stjórnmalunum á Íslandi er jafn mikið og raun ber vitni er pólitískt burðarþol gagnvart hneyksli-málum litíð.

Það var í þessu andrúmslofti vantraustsins sem forystufólk Bjartrar framtíðar sá sæng sína upp reidda og sleit ríkisstjórnarsamstarfinu. Það getur ekki verið að samstarfið hafi staðið traustum fótum ef sú ástæða sem gefin hefur verið fyrir stjórnarslitunum er sönn.

Fyrir þá sem hafa skoðað málið ofan í kjöllinn og kynnt sér skýringar forsætisráðherra er erfitt að velkjast í vafa um að það hafi verið áfall fyrir hann að komast að því að faðir hans hafi veitt dæmdum kynferðisbrotamanni umsögn til að öðlast uppreist æru. Hér var um að ræða upplýsingar sem forsætisráðherra virðist hafa fengið óvænt í óspurðum fréttum.

Það voru mistök hjá forsætisráðherra að greina ekki frá málinu í ríkisstjórn strax í sumar. Það breytir því hins vegar ekki að ákvörðun Bjartrar framtíðar um stjórnarslit einkennist af ódagoti. Sérstaklega í ljósi þess að lögð hafa verið drög að vinnu til að breyta úreltum lagaákvæðum um uppreist æru. Fyrir Bjarta framtíð verður trúnaðarbrestur hjá forsætisráðherra gagnvart meðráðherrum vegna meðmæla sem pabbi hans skrifaði undir (vegna máls sem var ekki á borði ríkisstjórnarinnar á neinum tímupunkti) fyrir kynferðisbrotamann sem er málkunnugur pabbanum. Forsætisráðherra braut trúnað því skylt mál, ekki þetta tiltekna mál þegar hér var komið sögu, hafði samtímis verið í fjölmiðlum. Björt framtíð lætur ríkisstjórnarsamstarfið steyta á skeri á þessum forsendum og slítur því í flýti með rafrænni kosningu án þess að hafa heyrt skýringar forsætisráðherra. Það verður að teljast ábyrgðarleysi hjá forystumönnum Bjartrar framtíðar. Sama hvornig á málin er litíð. Er nema furða að reyndir fréttamenn treysti sér ekki til þess að útskýra það sem er að gerast í íslenskum stjórnmalum fyrir erlendum kollegum? Það er ekki hlaupið að því að setja þennan sirkus í vitrænt samhengi.

Því fylgir ábyrgð að starfa í stjórnmalaflokkum og enn ríkari ábyrgð fylgir því að gefa kost á sér til þings og starfa þar sem kjörinn fulltrúi í umboði þjóðarinnar. Minna en tíu mánuðir eru frá síðustu alþingiskosningum og nú stefnir í að kosid verði í þriðja sinn til þings á fjórum árum. Leita þarf til vanþróaðra ríkja sem búa við óstöðugt stjórnarfar til að finna eitthvað sambærilegt.

Kosningar eiga ekki að vera léttvægt fyrirbæri í lýðræðisríkjum. Stjórnmalumráðan á Íslandi er í grunnnum farvegi. Það eru engin átök um hugmynda-stefnur heldur er hin pólitíska umræða einhvers konar refsák hneyksli mála þar sem minnihlutinn á internetinu hefur tekið völdin.

Smáflokkar eins og Björt framtíð og Viðreisn verða aldrei langlífir í stjórnmalum ef þeir ætla að láta vindtátt í netheiminum eða þjóðmálaumræðu dagsins hrikta í stöðum sínum. Ef stjórnmalaflokkar leyfa innviðum sínum að mótast alfarið af háverum samkundum internetsins dæma þeir sig til áhrifaleysis.



Kosningar eiga ekki að vera léttvægt fyrirbæri í lýðræðisríkjum

Halldór



Frá degi til dags

Fjölskyldan

Líkt og alkunna er þá er ríkisstjórn Bjarna Benediktssonar fallin og eru kosningar fyrirhugaðar á næstu vikum. Á þeim tíma sem Bjarni hefur verið þingmaður og í ríkisstjórn hafa reglulega komið upp mál sem hafa reynt honum óþægileg. Eitt slíkt, undirritun föður hans á meðmælabréf fyrir uppreist æru dæmde niðings, varð stjórn hans að falli. Einnig má rífa upp mál kennt við Borgun. Það er óneitanlega nokkuð skondið að erfiðasta stjórnarandstaða sem Bjarni hefur mætt virðist ávallt hafa verið í formi Benedikts Sveinssonar, föður hans.

Röggsemin

Ríkisstjórnarsamstarfinu var slitið eftir stuttan fund og tveggja tíma rafræna kosningu hjá stjórn Bjartrar framtíðar. Var þar gengið hreint og beint til verks líkt og engan tíma mætti missa. Þingmönnum og ráðherrum Sjálfstæðisflokksins þótti það sæta furðu hve snögglega ákvörðunin var tekin. Rétt hefði verið að anda rólega og ræða stöðuna sem upp var komin. Ekki verður kveðinn upp dómur um hvað var rétt og hvað rangt í stöðunni. Það er hins vegar víst að framganga Bjartrar framtíðar kom fleirum á óvart enda flokkurinn hingað til ekki haft það orð á sér að láta verkin tala. Kjósendur Bjartrar framtíðar bölvu því eflaust að ráðherrar flokksins hafi ekki verið jafn röskir til annara verka. joli@365.is

Mannauður



Torfi H. Tulinius
prófessor í íslenskum miðaldrafræðum við HÍ

Mannauður er fallett orð, geðþekktara en sambærilegt hugtak á ensku: „human resources“, sem gefur í skyn að meðbræður okkar séu auðlind til að nýta. „Maður er manns gaman“ sagði óþekkt skáld Hávamála og í því felst að samferðafólkið auðgar tilveru okkar. Sú auðlegð sem býr í getu manna, þekkingu og hæfileikum hefur gert mannfólkinu kleift að treysta afkomu sína, lengja líf, bæta heilsu og byggja upp siðmenningu sem stundum er býsna fögur.

Í heimi tuttugustu og fyrstu aldar, með öllum sínum tækifærum og áskorunum, skiptir mannaður ekki síður máli en í veröld fornskáldsins. Tækifærin eru mikilfengleg með tækninýjungum, hnattvæðingu og síauknum skilningi á náttúrunni og okkur sjálfum. Askoranirnar eru gríðarlegar með fólksfölgun, náttúruvá af margvíslegu tagi, að ónefndri vaxandi misskiptingu auðs með fylgífiskum hennar: óréttlæti og ófriði. Til að nýta tækifærin og takast á við áskoranirnar er þörf fyrir fólk sem hefur verið þjálfað í skipulagðri þekkingarleit og í hugsun sem er í senn gagnrýnin og skapandi.

Það er með öflugum menntakerfi sem þjóðfélög skapa mannaúð af þessu tagi, frá leikskóla upp í háskóla. Leik- og grunnskólar búa börnum umhverfi þar sem þau öðlast grunnfærni og eiga að eflast af sjálfstrausti og vinnugleði. Framhaldsskólarnir byggja á þessu starfi, hlúa að almennri menntun ungmenna um leið og þeim er leiðbeint á fyrstu stigum sérhæfingar. Svo tekur æðri menntunin við ýmist sem starfs-, tækni- eða háskólanám þar sem fyrrnefnd þjálfun fer fram. Alls staðar í samfélaginu er mannaúður mikilvægur en háskólar hafa sérstöðu því þar er hugað að tækifærum og áskorunum nútíðar og framtíðar með rannsóknum og nýsköpun. Í frumvarpi því til fjárlaga sem liggur fyrir þinginu eru framlög til háskólastígsins enn töluvert lægri en í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Ljóst er að mannaúður okkar Íslendinga muni rýrna nema stjórnvöld hætti að svelta háskólastigið.

Alþingi verður að taka fjárlagafrumvarpið til umfjöllunar en hefur nú óbundnar hendur í ljósi þess að stjórn Bjarna Benediktssonar er fallin. Rík ástæða er til þess að hvetja hið ágæta mannaval sem situr á þingi til að taka höndum saman og hækka framlög til háskóla í fjárlögum næsta árs og efla með því móti mannaúð okkar.



Ljóst er að mannaúður okkar Íslendinga muni rýrna nema stjórnvöld hætti að svelta háskólastigið.

Flisabúðin kynnis hágæða Ítalska HELIOSA rafmagnshitara

HELIOSA hitarar henta bæði innan- og utandyra. Hitna strax, vindur hefur ekki áhrif, vatnsheldir og menga ekki. Margar gerðir til á lager.

Flisabúðin
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

Niðurfærsla æru

Í DAG



Guðmundur
Andri Thorsson

Við skulum ekki hafa hátt, hér er margt að ugga. Eg hef heyrt í alla nátt andardrátt á glugga.

Þetta er vísa frá 16. öld um nátttröll á sveimi, sögð eftir Þórð Magnússon á Strjúgi en er í rauninni úr Þjóðardjúpinu enda eru ljóðin sálarpækill sem geymir tilfinningar fólks um aldir. Í vísunni er ótti aldanna. Þar endurspeglast hugarfarar hræddrar og hrelldrar Þjóðar, fólks sem er varnarlaust gagnvart ofbeldi. Bælum okkur, segir þessi vísa: felum okkur, sussu-suss, látum fara lítið fyrir okkur og óvætturinn fyrir utan sér okkur þá kannski ekki.

Byltingin

Þetta hefur valdalaus alþýðufólki verið innrætt hér öld af öld, konum og börnum – að halda niðri sér andanum þar til hættan er liðin hjá. Og að sjálfur geti maður ekkert gert til að verjast ógnvaldinum, best að bíða bara og láta ekki taka eftir sér. Eina vörnin að vera ósýnilegur.

Þar til nú. Hægt og bitandi höfum við upplifað byltingu á undanförunum árum – fólk kemur fram opinberlega og segir frá ofbeldi sem það

hefur orðið fyrir, í æsku eða á full-orðinsárum. Í stað hvatningar til að fela sig er ljósinu nú beint að óbótamönnunum. Niðingar og nauðgarar standa allt í einu baðaðir ljósi og skömm og ekki einu sinni sjálft Flokksvaldið fær lengur verndað þá fyrir afleiðingum gjörða sinna.

Og skyndilega er kynferðisofbeldi ekki lengur eins og hver önnur hvimleið staðreynd lífsins sem við verðum að láta okkur hafa – heldur ólíðandi glæpur. Allt í einu eru kynferðisglæpamenn ekki lengur ólánsgrey sem hafa lent í þessari ógæfu – heldur skal kynferðisglæpamaðurinn hvers manns niðingur heita, eins og það er orðað í gömlum textum. Bókstaflega.

Hægt og bitandi hefur þessi bylting breiðst út um samfélagið og nú hefur það síðast gerst að hún hefur velt ríkisstjórn úr sessi; og fengið sín kjörorð eins og allar byltingar þurfa að hafa: Höfum hátt.

Í fararbroddi hefur staðið fjölskylda Nínu Rúnar Bergsdóttur; systur hennar og foreldrar, og þau hafa spurt þessarar spurningar sem er jafn sjálfsgöð og hún er sjaldgæf: Af hverju?

Af hverju fær barnaniðingur endurnýjuð lögmannsréttindi? Af hverju fær barnaniðingur uppreist æru? Af því að það er alltaf gert? Rútína? Bara formsatriði? Af hverju? Og af hverju skrifa „valinkunnir menn“ umsnagnir um að barnaniðingar eigi skilið að fá „uppreist æru“? Af hverju eru „valinkunnir menn“ í felum – falinkunnir? Og hvað þýðir þetta fornfálega orðalag eiginlega, „uppreist æru“? Sæmd?



Falinkunnir menn

Maður sér ýmsa klóra sér í hausnum yfir stjórnarslitunum. Ýmsir tala eins og atburðarásin sé óskiljanleg, snúist um smámál. Þeir virðast enn ekki skilja hversu stórt þetta er.

Þetta átti sér líka aðdraganda. Áður hafði Sigríður Andersen reynt mjög á þórlifin hjá samstarfsflokki sínum með verklagi sínu við skipan dómara við Landsrétt og rétt fyrir stjórnarslitin hafði hún gengið fram í því að vísa úr landi tveimur barnungum stúlkum, svo að almenna hneykslun og undrun vakti. Það eru takmörk fyrir því

hvað hægt er að umbera mikið hjá fólki sem maður er að reyna að vinna með. Og þólinnæðina þraut þegar kom í ljós að Sigríður hafði í júlímánuði upplýst Bjarna Benediktsson um það að fadir hans skrifaði meðmæli með því að dæmdur barnaniðingur fengi „uppreist æru“, en Sjálfstæðismenn höfðu að öðru leyti sveipað þessi meðmæli óskiljanlegri leynd, í orði kveðnu til að vernda brotþola niðinganna, jafn glórulaust og það hljómar, en í raun vildu þeir fela nöfnin. Hvers vegna í ósköpunum ætti að ríkja leynd um það, þegar valinkunnir menn skrifa



Allt í einu eru kynferðisglæpamenn ekki lengur ólánsgrey sem hafa lent í þessari ógæfu – heldur skal kynferðisglæpamaðurinn hvers manns niðingur heita, eins og það er orðað í gömlum textum.

meðmæli með því að glæpamenn skuli fá endurheimt gott mannorð? Sé maður að leggja nafn sitt við eitt-hvað – þá getur maður ekki látið það nafn vera falið.

Málið snýst um vandaða og opna stjórnsýslu sem starfar á gagnsæjan hátt í þjónustu almennings en ekki til að vernda útvalda og veltengda menn. Meðal þess sem heyrðist úr Dómsmálaráðuneyti sem rök fyrir nafnleynd mannorðsábekkinganna var „áhugi fjölmiðla“. En sýni fjölmiðla áhuga á að vita eitthvað á leyndin ekki að vera sjálfkrafa viðbragð heldur einmitt löngunin til að upplýsa. Það er vitneskjan og upplýsingin sem hjálpar okkur til að bæta samfélagið. Hér er margt að ugga, en ekki upplýsingarnar, ekki dagsljósið – nema maður sé nátttröll.

TILFINNINGIN HEFUR SJALDAN VERIÐ TILKOMUMEIRI



ŠKODA



ŠKODA SUPERB. STÆRRI, RÚMBETRI OG ÞÆGILEGRI.

Superb er stærri, rúmbetri og útbúinn þægindamöguleikum sem gera aksturinn draumi líkasta. ŠKODA Superb kemur með fimm ára ábyrgð og er nú tilkomumeiri og hlaðinn meiri tilfinningu en nokkru sinni fyrr. Komdu í reynsluakstur og gefðu gleðinni lausan tauminn.

Verð frá aðeins **4.440.000 kr.**

H HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílas Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

www.skoda.is



Ólafur Jóhannesson, þjálfari nýkrýndra Íslandsmeistara Vals, fagnar hér titlinum í leiklok á Hlíðarenda í gær ásamt Sigurði Agli Lárussyni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Hátíðarveisla á Hlíðarenda

Valsmenn tryggðu sér sinn 21. Íslandsmeistaratitil í sögunni þegar þeir unnu Fjölni 4-1 í gærkvöldi. Hvorki FH né Stjarnan geta unnið upp forystu Vals á toppi Pepsi-deildarinnar á síðustu tveimur vikum mótsins.

FÓTBOLTI Það er vel við hæfi að Valsmenn hafi tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn sinn á heimavígstöðvunum á Hlíðarenda í gærkvöldi, á vellinum þar sem liðið hefur unnið átta af tíu leikjum sínum í sumar og aldrei tapað.

Valsmenn sýndu styrk sinn á móti Fjölnismönnum í gær, gáfu lítil sem engin færi á sér fram eftir leik og skoruðu fjögur góð mörk. Smá kærleysi í lok leiksins kom ekki að sök en Fjölnismenn minnkuðu muninn þegar sigurhátíð heima-manna var í raun hafin.

Valsliðið hefur nú níu stiga forystu á Stjórnuna og tíu stiga forskot á FH. FH á leik inni á bæði liðin en getur ekki lengur náð Valsliðinu að stigum. Það hefur lengi stefnt í það að Valsmenn væru að fara vinna þennan titil og hann er nú í höfn þegar enn eru eftir tvær vikur af Íslandsmótinu.

Mörkin mikilvægu í gær skoruðu þeir Guðjón Pétur Lýðsson, Bjarni Ólafur Eiríksson, Sigurður Egill Lárusson og Einar Karl Ingvarsson en Ólafur Jóhannesson gat leyft sér að geyma markaskorarann Pat-

rick Pedersen á bekknum. Guðjón Pétur skoraði fyrsta markid á fjórðu mínútu og það var því strax ljóst í upphafi leiksins að þetta ætlaði að vera sannkölluð hátíðarveisla á Hlíðarenda.

Ólafur Jóhannesson hefur unnið titil á öllum þremur tímabilum sínum með Valsliðið en liðið var búið að vera bikarmeistari tvö síðustu ár. Nú tóku Valsmenn hins vegar þann stóra.

Talaðu við þá sem unnu mótið

„Tilfinningin er geggjúð og þetta er bara magnað. Við spiluðum frá-bæran leik í kvöld og ég held bara að við höfum verið bestir,“ sagði Ólafur Jóhannesson, þjálfari Valsliðsins, sigurreifur í leiklok í viðtali í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport í gærkvöldi. Hann hafði hins vegar ekki mikinn áhuga á að vera í viðtali hjá Stefáni Árna Pálssyni.

„Nú áttu að tala við strákana. Nú er ég búinn að segja nóg en hérna eru þeir sem unnu mótið. Talaðu við þá,“ sagði Ólafur og benti á leikmennina sína fagna titlinum. Ólafur er engum öðrum líkur og þessi sena var enn ein sönnun þess.

Fjórdi Íslandsmeistaratitill Ólafs Þetta var í fjórða sinn sem Ólafur Jóhannesson gerir lið að Íslandsmeisturum en FH vann titilinn þrjú ár í röð undir hans stjórn frá 2004 til 2006. Síðasti Íslandsmeistaratitillinn hans kom því fyrir ellefu árum síðan.

Það er óhætt að segja að nokkur ár hafi líka liðið síðan Valsmenn voru í sömu stöðu og í gærkvöldi.

Tíu ár voru liðin síðan Valsmenn urðu síðast Íslandsmeistarar í fót-

Þetta er besta lið sem ég hef verið í. Við erum búnir að vera að byggja þetta upp síðustu ár og erum að uppskera í sumar.

Bjarni Ólafur Eiríksson, leikmaður Vals

bolta (2007), það voru þrjátíu ár liðin síðan Ólafur Jóhannesson varð síðast Íslandsmeistari með Val (sem leikmaður 1987) og 32 ár liðin síðan Valsmönnum tókst að tryggja sér síðast Íslandsmeistaratitilinn á félagssvæði sínu á Hlíðarenda (1985). Þegar Valsmenn unnu titilinn 1985 þá voru þeir fyrstir Reykjavíkufélaga til að tryggja titilinn á sínu félagssvæði.

